

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá frá 5. maí 1988.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Iðnskólans í Reykjavík og er orðinn til við samruna eftirtalinnna sjóða og falla skipulagsskrár þeirra þar með úr gildi.

	Kr.
Minningarsjóður Gyðu Halldórsdóttur	31 801,14
Framasjóður iðnsveina	11 222,16
Styrktarsjóður Jóns Halldórssonar	50 747,30
Skólasjóður Þorleifs Gunnarssonar	73 379,49
Menningarsjóður Helga H. Eiríkssonar	186 456,22
Áhaldasjóður Iðnskólans í Reykjavík	84 296,34
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar	101 687,16
Samtals	539 589,81

3. gr.

Gjafafé sem sjóðnum áskotnast, sameinast stofnfé hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

Áð verðlauna framúrskarandi nemendur við burtfararpróf.

Áhalda- og húsbúnaðarkaup fyrir skólann.

Áð verðlauna framúrskarandi iðnaðarmenn.

Áð styrkja efnilega iðnsveina til frekara náms erlendis.

Áð styrkja efnilega nema til náms við Iðnskólann í Reykjavík.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, en $\frac{1}{3}$ af vaxtatekjum sjóðsins skal verja til þeirra verkefna er tilgreind eru í 4. gr.

6. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Fjármunum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt sem stjórn sjóðsins telur bestan.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltir endurskoðendur sjá um endurskoðun hans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík,

Formaður skólafélags Iðnskólans í Reykjavík.

Fulltrúi tilnefndur af Kennarafélagi Iðnskólans í Reykjavík.

Sjóðurinn er í vörslu skólameistara Iðnskólans í Reykjavík.

9. gr.

Stjórnin skal halda gjörðabók sem hún löggildir og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað sjóðnum viðvíkjandi og sem máli skiptir.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Verði sjóðurinn lagður niður skal það gert í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eignum hans skal varið eins og 4. gr. mælir fyrir um.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.Fanneý Óskarsdóttir.**GJALDSKRÁ**

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1991.

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	kr. 10 000	3. flokkur	kr. 35 000
2. flokkur	kr. 20 000	4. flokkur	kr. 63 000

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

Leyfisgjöld:

1. flokkur	kr. 3 850	3. flokkur	kr. 11 500
2. flokkur	kr. 7 700	4. flokkur	kr. 15 400

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 1 200.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.Ingimar Sigurðsson.